

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Hveragerði, Ölfusi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2019:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst
Undir 3.823.155	Undir 4.423.155	0
Milli 3.823.156-5.734.733	Milli 4.423.156-6.634.733	600 kr
Yfir 5.734.734	Yfir 6.634.734	850 kr

2.gr.

Notandi heimaþjónustu greiðir fyrir þrif á heimili en önnur félagsleg heimaþjónusta þ.e. umönnunarþjónusta og félagslegur stuðningur er endurgjaldslaus.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert eigi síðar en þremur mánuðum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.